

1. Almenn:

Lindarfiskur ehf. (kt. 280278-5139), Sigtúni 6, 870 Vík, er með 20 tonna rekstrarleyfi (IS-36124) til landeldis á bleikju að Lindarbotnum í landi Botna í Meðallandi, 880 Kirkjubæjarklaustri, sem gildir til 31. október 2023. Fyrirtækið sótti um stækkun leyfisins í 300 tonn, dags. 11. maí 2018.

Lindarfiskur er seiða- og mateldisstöð staðsett á landi með frárennsli út í Eldvatn í Meðallandi. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Eldi Lindarfisks er í trefjaplastkerum sem öll eru útbúin ristum. Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila er allt frárennsli stöðvarinnar í fráveituskurðum með settjörnum. Skurðirnir verða gerðir með þeim hætti að tæma megi þá reglulega og jafnframt eru þar net til að draga úr hættu á að eldisfiskur sleppi í viðtakann og að villtur fiskur komist að eldisstöðinni.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um mattskyldu vegna breytingar á eldi Lindarfisks úr 20 tonnum í 300 tonn kemur fram að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist í auknu magni næringarefna sem muni berast í Eldvatn. Þungar lífrænar leifar frá seiðaeldi og mateldi verða skildar frá með settjörnum og útfellingum í frárennsliskurðum. Því má gera ráð fyrir að einungis uppleyst næringarefni muni berast í viðtakann. Skipulagsstofnun telur líklegt að uppleyst næringarefni muni þynnast hratt í Eldvatni og ekki sé líklegt að framkvæmdin muni hafa veruleg neikvæð áhrif á lífríki vatnsins. Þá telur Skipulagsstofnun að búnaður stöðvarinnar sé nægilegur til að óverulegar líkur séu á að eldisfiskur sleppi og blandist við villta fiska.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8. gr. laga 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar 1170/2015 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 19. nóvember til 19. desember 2019 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmd Lindarfisks var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 21. febrúar 2017. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar mattskyldu til Skipulagsstofnunar þann 26. apríl 2017. Í umsögninni kom fram að stofnunin taldi ekki þörf á að framkvæmdin færi í umhverfismat þar sem hún er ekki líkleg til þess að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa verulega óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mívægisaðgerðum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og slysasleppingum. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 4. júlí 2017 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Lindarfisks er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Skaftárhreppar þann 29. apríl 2019 vegna aukningar á framleiðslu Lindarfisks að Botnum í Meðallandi, Skaftárhreppi. Gögn sem fylgdu umsagnarbeiðnum voru tilkynning rekstraraðila til Skipulagsstofnunar, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu og svar Lindarfisks við umsögn Fiskistofu.

Í umsögn Fiskistofu sem barst Matvælastofnun 16. maí 2019 kom fram að sú hættu sem einkum kann að hljóta af rekstri eldisstöðvar Lindarfisks er að eldisfiskar kunni að sleppa frá stöðinni og gætu valdið

neikvæðum vistfræðilegum áhrifum á náttúrulega stofna. Í tilkynningu Lindarfisks er útskýrt að affallið er varið með netum á tveimur stöðum í útfalli auk búnaðar á kerjum. Fiskistofa telur að með þessu fyrirkomulagi verði líkur mjög minnkaðar á því að slysaslepping verði. Matvælastofnun tekur undir þessa umsögn.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar sem barst Matvælastofnun þann 16. maí 2019 kemur fram að við aðrar landeldisstöðvar þar sem svipað háttar til, þ.e. þar sem fram fer eldi á kynbættum fiski og afrennsli í veiðivatn, eru gerðar kröfur um tromlusíu á afrennslið. Jafnframt sé ástæða til að fara fram á að við útfall á frárennisskurði verði sand/malarsía. Hafrannsóknarstofnun mælir sterktlega með að hvort tveggja verði gert hér. Matvælastofnun bendir á að samkvæmt rekstrarleyfi er tvöföld vörn sem samræmist rekstrarleyfisskilyrðum fiskeldisstöðva á landi.

Ekki barst umsögn frá Skaftárhreppi.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust engar athugasemdir við tillögu að rekstrarleyfi á auglýsingartíma.

5. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Lindarfisks. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 300 tonn til seiða- og matfiskframleiðslu á bleikju.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir füngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Samhliða útgáfu rekstrarleyfis afhendir Matvælastofnun útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 22. maí 2036.

Á sama tíma og rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1147) fellur úr gildi eldra rekstrarleyfi Lindarfisks til 20 tonna landeldis á bleikju til matfiskeldis (FE1067/IS-36124).

Selfossi, 22. maí 2020